

Landsfundur bæjarstarfsmannafélag

Haldinn á Hótel Keflavík, 22. og 23. nóvember 2023

Ályktar

um rekstur og stýringu SAMSTARFS, verkefnastofu um starfsmat

Um langa hríð hafa stéttarfélög innan BSRB ásamt fleiri stéttarfélögum, gert kjarasamninga við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem kveðið er á um framkvæmd og rekstur á SAMSTARFI, sem er starfsmatskerfi samningsaðila um launamyndun félagsfólks.

Landsfundur bæjarstarfsmannafélaga 2023 lítur svo á að formleg stjórnun SAMSTARFS sé sameiginlegt verkefni samningsaðila, enda starfsmatskerfið tilgreint í kjarasamningi þeirra. Stéttarfélögin innan BSRB sem gera kjarasamninga við sveitarfélögin, lýsa því yfir að starfsmatskerfið sé sameiginlegt samstarfsverkefni og að borg og sveitarfélög hafi ekki heimild til að taka til sín stjórnun kerfisins og sitja ein að stýringunni eins og raunin sýnir. Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa haldið því fram að þar sem fjármunir til rekstrar kerfisins komi frá atvinnurekendum, þá sé sjálftgefið að þeir einir komi að rekstrinum og stýri því. Landsfundur bæjarstarfsmannafélaga lýsir því yfir að þessi fullyrðing sé markleysa og hafi ekkert gildi.

Landsfundur bæjarstarfsmannafélaga 2023 krefst þess að allir samningsaðilar sem semja um starfsmatið komi að stjórnun kerfisins. Það verði gert með þeim hætti að sérstök yfirstjórn verði sett yfir SAMSTARF þar sem allir samningsaðilar hafa aðkomu eftir nánara samkomulagi þar um. Landsfundurinn kallar eftir því að aðilar vinni að skipulagsskrá vegna stjórnunar starfsmatsins og að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. febrúar 2024. Í kjölfar kjarasamninga á því ári verði skipuð yfirstjórn kerfisins þar sem allir samningsaðilar eiga fulltrúa, samtals 6-8 manna stjórn eftir nánari samkomulagi.

Hlutverk stjórnar verði að taka ábyrgð á framkvæmd kjarasamninganna um rekstur kerfisins, aðstöðu, tímasetningu á reglulegri uppfærslu kerfisins samkvæmt kjarasamningum, ráðningu framkvæmdastjóra og annars starfsfólks í samráði við hann, eftirfylgd á reglum um endurmat starfa og tímasetningu uppfærslu og endurskoðunar, með meiru.

Fyrir hönd stéttarfélaga innan BSRB sem gera kjarasamninga við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Frá meira íslenskra svæðarfelugum.

Anna Jákobina Björnisdóttir Kjærnar sér Haukfeldið í að
Marta flöf Jónsdóttir starfsmannafélag Kópavogs
Hermína Hildarsdóttir starfsmannafélag Hisavíkur
Karl Rúnar Þórsson Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Arni Ó Erla Bjarnadóttir Foss starfsmannafélag i almannanýstu
Trausti Þjórgvinsson Starfsmannafélag Sudurnesja.
Sæðan R. Dawidz Starfsmannafélag Mosfellsbæ
Umru ÍG Þórssd. Starfsmannafélag Vestmýras
Ponueen ~~þ~~ Sameydi skráðrafelag Vestmýras